

Almannavarnanefnd höfuðborgarsvæðisins (AHS)

Fundargerð 29. fundar
Reykjavík, 21. nóvember 2014

Föstudaginn 21. nóvember 2014 var haldinn tuttugasti og níundi fundur í Almannavarnanefnd höfuðborgarsvæðisins (AHS). Fundurinn var haldinn í Björgunarmiðstöðinni Skógarhlíð og hófst hann kl. 08.00.

Viðstaddir voru:

Dagur B. Eggertsson	Reykjavík
Sóley Tómasdóttir	Reykjavík
Ármann Kr. Ólafsson	Kópavogi
Theodóra Þorsteinsdóttir	Kópavogi
Gunnar Einarsson	Garðabæ
Haraldur L. Haraldsson	Hafnarfirði
Ásgerður Halldórsdóttir	Seltjarnarnesi
Haraldur Sverrisson	Mosfellsbæ
Eva Magnúsdóttir	Mosfellsbæ
Adam B. B. Finnsson	Kjósarhreppi
Sigríður Björk Guðjónsdóttir	Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu (LRH)
Jón Viðar Matthíasson	Framkvæmdastjóri AHS
Birgir Finnsson	Varaslökkviliðsstjóri

Áheyrnarfulltrúar voru Haukur Harðarson frá björgunarsveitum á svæði 1 og Magnús J. Magnússon frá Rauða krossinum.

Fundarstjóri: Dagur B. Eggertsson
Fundarritari: Birgir Finnsson

1. Kosning formanns og varaformanns

Tillaga um Dag B. Eggertsson sem formann og Ármann Kr. Ólafsson sem varaformann.

Afgreiðsla: Samþykkt með lófataki.

2. Fundargerð síðasta fundar

Engar athugasemdir höfðu borist við fundargerð síðasta fundar og er hún því samþykkt samkvæmt verklagi almannavarnanefndar.

Eftirfarandi lagt fram:

- Fundargerð 28. fundar AHS, 11. apríl 2014.

Afgreiðsla: Fundargerð samþykkt.

3. Fyrsti fundur nýrrar almannavarnanefndar

Stutt kynning á nefndinni og nefndarmönnun.

Afgreiðsla: Kynning.

4. Nýr lögreglustjóri á höfuðborgarsvæðinu

Nýr lögreglustjóri, Sigríður Björk Guðjónsdóttir boðin velkomin til starfa. Sigríður kynnti sig og aðkomu sína að störfum sem tengjast almannavörnum.

Afgreiðsla: Kynning.

5. Dagskrá næstu mánuði

Birgir Finnsson fór yfir tillögur að dagskrá AHS næstu mánuði. Næstu fundir verða 19. desember, 16. janúar og 20. febrúar. Í febrúar og mars verða einnig kynningar, fræðsla og æfingar. Sendar verða ýmsar upplýsingar til nefndarmeðlima milli funda.

Afgreiðsla: Kynning.

6. Bárðarbunga og Holuhraun

Björn Oddsson frá almannavarnadeild ríkislögreglustjóra fór yfir atburðarásina og stöðuna varðandi eldgosið í Holuhrauni og jarðhræringarnar í Bárðarbungu, ásamt því að kynna aðgerðir almannavarna og þá vinnu sem er í gangi.

Afgreiðsla: Kynning.

7. Samhæfing sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu vegna eldgossins

Birgir Finnsson kynnti þá samhæfingu sem hefur átt sér stað vegna gasmengunar sem borist hefur frá eldgosinu í Holuhrauni til höfuðborgarsvæðisins. Fundir hafa verið haldnir með fulltrúum allra sveitarfélaganna á sviði upplýsinga- og kynningarmála, heilbrigðiseftirlita og fræðslumála. Einnig hafa fulltúar sveitarfélaganna sótt fundi á vegum almannavarna ríkisins.

Afgreiðsla: Kynning.

8. Röskun á skólastarfi vegna óveðurs

Birgir Finnsson kynnti verklagsreglur um röskun á skólastarfi vegna óveðurs og hvernig þær verklagsreglur verða nýttar varðandi upplýsingamiðlun ef hætta er á að gosmengun leggi yfir höfuðborgarsvæðið.

Afgreiðsla: Kynning.

9. Endurskoðun á stjórnkafla í áætlunum um heimsfaraldur inflúensu

Birgir Finnsson kynnti vinnu við uppfærslu á stjórnkafla viðbragðsáætlana sveitarfélaganna við heimsfaraldri inflúensu. Stefnt er að því að fyrirkomulagið taki til fleiri atburða en heimsfaraldurs inflúensu.

Afgreiðsla: Kynning.

10. Ebóla

Birgir Finnsson fór yfir stöðu mála varðandi áætlanir vegna Ebólu, en þær einskorðast í dag við að um einstaka tilfelli verði að ræða, en ekki faraldur.

Afgreiðsla: Kynning.

Næsti fundur verður föstudaginn 19. desember kl. 08.00.

Fylgiskjöl:

(ath. voru send rafrænt með fundarboði, en ekki dreift á fundinum)

– Fundargerð 28. fundar AHS, 11. apríl 2014